


**Samþykktir  
fyrir  
Minningarsjóð Bryndísar Klöru**



1. gr.

Félagið heitir Minningarsjóður Bryndísar Klöru.

2. gr.

Minningarsjóður Bryndísar Klöru var stofnaður til að heiðra og varðveita minningu Bryndísar Klöru Birgisdóttur sem lést í kjölfar hnífaárásar á menningarnótt í Reykjavík í ágúst 2024. Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja við almannaheillaverkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni. Sjóðurinn mun leggja áherslu á að veita styrki til fræðslu, rannsókna og vitundarvakningar til að koma í veg fyrir að slíkar hörmungar endurtaki sig. Fjáröflun til að standa straum af framangreindu er í formi frjálsra styrkja til sjóðsins.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með styrkveitingum til einstaklinga, félaga, félagasamtaka og samfélaga af ýmsum toga sem vinna samkvæmt tilgangi og markmiði sjóðsins samkvæmt 2. gr. Stjórn sjóðsins mun annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur.

4. gr.

Félagsaðild er opin öllum velunnurum Bryndísar Klöru Birgisdóttur og styðja tilgang og markmið félagsins.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

7. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 - 8 félagsmönnum, formanni og 2 - 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 5 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda og eru stjórnarfundir lögmatir ef a.m.k. 2/3

stjórnarmanna eru mættir. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Formaður boðar til funda með tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Stjórnarmönnum er heimilt að taka þátt á stjórnarfundum með rafrænum hætti. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8.gr.

Ekki verða innheimt félagsgjöld í félagið. Félagið mun fjármagna starfsemi sína með frjálsum framlögum einstaklinga og lögaðila.

9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið óskipt í samræmi við tilgang og markmið félagsins.

Félagsmenn skulu ekki njóta fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins og skal stjórn ekki hljóta þóknun fyrir störf sín.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til málefna í samræmi við tilgang félagsins.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins 2. september 2024.

Lögum þessum var breytt á félagsfundum 12. nóvember 2024.

Lögum þessum var breytt á félagsfundum 2. desember 2024.

**Þannig staðfest f.h. stjórnar félagsins:**

  
Guðrún Inga Sívertsen  
Prókúruhafi